



Galatabréfið

Útskýringar sem byggðar eru á Torah og hebresku samhengi fyrstu aldarinnar.

Eftir Avi ben Mordechai © 2005-2006 Millennium 7000 Communications. Allur réttur áskilinn.
Íslensk þýðing: Sigrún Einarsdóttir - www.torah.is
Birt með leyfi höfundar - www.m7000.com

11. þáttur af 18

3. Mósebók 18.4-5 Lög mín skuluð þér halda og setningar mínar skuluð þér varðveita, svo að þér breytið eftir þeim. Ég er YHWH, Elóhím yðar. Þér skuluð því varðveita setningar mínar og lög. Sá sem breytir eftir þeim skal lifa fyrir þau. Ég er YHWH.

Skjámynd:

Samantekt kaflans:

Rabbínar (farísear) komu frá Jerúsalem til Antíokkíu til að fylgjast með því sem Pétur gerði, til að athuga hvort hann hlýddi valdi faríseanna í Jerúsalem

„Gyðingar“ (Judeans) í Antíokkíu voru ekkert annað en villandi Aramear

„Gyðinglegt eðli“ býr í öllum þeim sem hlýða boðum YHWH eins og þau birtast í lögmáli Móse

Hugtakið „lögmálsverk“ er lögskipuð tjáning allrar kennslu rabbína/farísea

Fimmti hluti: Galatabréfið - útskýringar með 3. kafla

Skjámynd:

Helstu atriði:

Þeir sem vísað er til sem „Galatamanna“ stóðust ekki samanburð við réttlæti í Torah með því að beygja sig undir rabbínskt vald í Jerúsalem og Halacha

Andi Messíasar er gefinn öllum sem hlýða Torah og er því í beinni mótstöðu við öll „lögmálsverk“ farísea

„Bölvun lögmálsins“ er skilgreind út frá 5. Mósebók 27.26

„Tyftarinn“ í Galatabréfinu 3.24 er myndlíking sem lýsir mannasetningum en EKKI hinum eilífa lögmálssáttmála Móse

Skjámynd:

Galatabréfið 3.6 Eins og **Abraham trúði** Elóhím, og það var honum til réttlætis reiknað.

Trú: 1. Mós. 15.5-6 Og hann leiddi hann út og mælti: "Lít þú upp til himins og tel þú stjörnurnar, ef þú getur talið þær." Og hann (YHWH) sagði við hann: "Svo margir skulu niðjar þínir verða." Og Abram trúði YHWH, og hann reiknaði honum það til réttlætis.

Verk: 1. Mós. 26.5 ...Abraham hlýddi minni röddu og varðveitti boðorð mín, skipanir mínar, ákvæði og lög.

Jakobsbréfið 2.22 Þú sérð, að trúin var samtaka verkum hans og að trúin fullkomnaðist með verkunum...

Skjámynd:

Galatabréfið 3.10 En bölvun hvílir á öllum þeim, sem byggja á lögmálsverkum, því að ritað er: "Bölvður er sá, sem ekki heldur fast við allt það, sem í lögmálsbókinni er ritað, og breytir eftir því."

Ritað er (af Móse): 5. Mós. 27.26 Bölvður er sá, sem eigi heldur í gildi orðum þessa lögmáls með því að breyta eftir þeim! Og allur lýðurinn skal segja: Amen."

Kennt er (af rabbínunum): Úr dómum Talmúd: Sonur minn! Gættu þess að halda rabbínsk ákvæði umfram Torah ... Torah inniheldur bönn ... en hver sem brýtur gegn rabbínskum ákvæðum er dauða verður. (Eruvin 21b)

Skjámynd:

Galatabréfið 3.13 Messías keypti oss undan bölvun lögmálsins með því að verða bölvun fyrir oss, því að ritað er: "Bölvður er hver sá, sem á tré hangir."

5. Mós. 28.15 En ef þú hlýðir ekki raustu YHWH Elóhíms þíns, svo að þú varðveitir og haldir allar skipanir hans og lög, er ég legg fyrir þig í dag, þá munu fram við þig koma og á þér hrína allar þessar bölvunir...

Daníelsbók 9.11 Já, allur Ísrael hefir brotið lögmál þitt, hefir vikið frá þér, svo að hann hlýðir eigi framar raustu þinni. Þá var þeirri eiðfestu bölvun úthellt yfir oss, sem skrifuð er í lögmáli Móse, þjóns Elóhíms, því að vér höfum syndgað móti honum.

Jesaja 53.12 ...(hann) var með illræðismönnum talinn. En hann bar syndir margra og bað fyrir illræðismönnum.

Skjámynd:

Galatabréfið 3.23 Áður en trúin kom, vorum vér í gæslu lögmálsins innilokaðir, þangað til trúin, sem í vændum var, opinberaðist.

Jeremía 17.4 ...Þá munt þú verða að sleppa hendinni af óðali þínu, því er ég gaf þér, og ég mun láta þig þjóna óvinum þínum í landi, sem þú þekkir ekki...

„Lögmál“ = trúarlögmál manns

Esekíel 20.23-25 ...Þó sór ég þeim í eyðimörkinni, að ég skyldi tvístra þeim meðal þjóðanna og dreifa þeim út um löndin, af því að þeir héldu ekki lög mín og höfðu boðorðum mínum og vanhelguðu hvíldardaga mína og höfðu ekki augun af skurðgoðum feðra sinna. Ég gaf þeim þá og boðorð, sem ekki voru holl, og lög, er þeim eigi voru til lífs lagin...

Galatabréfið 4.1-3 Með öðrum orðum: Alla þá stund, sem erfinginn er ófullveðja, er enginn munur á honum og þræli, þótt hann eigi allt. Hann er undir fjárhaldsmönnum og ráðsmönnum til þess tíma, er faðirinn hefur ákveðið. Þannig vorum vér einnig, er vér vorum ófullveðja, þrælbundnir undir heimsvættirnar.

Framhald í næsta þætti...

Taktu frá þrjú kvöld í júní 2010 (14. 15. og 16. júní)



Avi ben Mordechai kemur til Íslands í júní 2010
og verður með nokkra spennandi fyrirlestra.

Ef þú vilt fá nánari upplýsingar um þetta einstaka tækifæri
til að hlusta á stórkostlega fræðslu um hebreskar rætur trúarinnar,
eða tryggja þér sæti á fyrirlestrunum
hafðu þá samband við Sigrúnu í síma 824 8848
eða með því að senda tölvupóst á torah@internet.is